

## Reglur um gagnkvæman flutning réttinda á milli fræðslusjóða

Samþykktar hafa verið reglur um réttindaflutning á milli Starfsafls, Landsmenntar, Sjómenntar, Ríkismenntar, Sveitamenntar, Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og Starfsmenntasjóðs verslunarinnar.

1. Félagsmaður innan Starfsafls, Landsmenntar, Sjómenntar, Ríkismenntar og Sveitamenntar getur flutt áunnin réttindi sín í Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks og/eða Starfsmenntasjóð verslunarinnar að hámarki 50-60 punkta eftir að greitt hefur verið vegna hans í einn mánuð. Flutt áunnin réttindi falla þar með niður í fyrri sjóðum.
2. Félagsmaður í Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks og/eða Starfsmenntasjóði verslunarinnar getur flutt áunnin réttindi sín úr sjóðnum til Starfsafls, Landsmenntar, Sjómenntar, Ríkismenntar og Sveitamenntar að því hámarki sem reglur sjóðanna segja til hverju sinni. Árið 2007 er hámarksendurgreiðsla 50 þúsund krónur hjá Landsmennt og Starfsafli en 60 þúsund krónur hjá Ríkismennt og Sveitamennt. Flutt áunnin réttindi falla þar með niður í fyrri sjóðum.
3. Heimilt er að fresta greiðslu styrks þar til staðfesting annarra sjóða liggur fyrir um að umsækjandi hafi ekki sótt um greiðslur þaðan. Viðkomandi starfsmenntasjóður skal leita slíkrar staðfestingar.
4. Þegar félagsmaður hefur fengið samþykktan réttindaflutning milli fræðslusjóða skal umsóknin að öllu öðru leyti vera afgreidd eftir úthlutunarreglum viðkomandi fræðslusjóðs.
5. Sá sem reynir að afla sér styrkja með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar eða leynir upplýsingum missir rétt til styrks. Heimilt er að endurkrefja félagsmenn um allan styrkinn auk dráttarvaxta.
6. Samkomulag þetta gildir út almanaksárið og skal endurskoðað eigi síðar en í desember ár hvert.
  - Fræðslusjóðir verslunarmanna byggja réttindi félagsmanna á ótímabundnu uppsöfnuðu punktakerfi.
  - Starfsafli byggir réttindi félagsmanna á ákveðinni viðmiðunarupphæð greiddra félagsgjalda sl. 12 mánaða miðað við lok náms/námskeiðs.
  - Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt byggja réttindi félagsmanna á ákveðinni viðmiðunarupphæð greiddra félagsgjalda sl. 12 mánuði og/eða samfelldri 6 mánaðar aðild þegar námi/námskeiði er lokið.
  - Sjómennt byggir réttindi félagsmanna á 12 mánaða félagsaðild þegar námi/námskeiði er lokið.
  - Réttindaflutningurinn er ávallt miðaður við hámarks endurgreiðslu Starfsafls, Landsmenntar, Sjómenntar, Ríkismenntar og Sveitamenntar, þar sem þar safnast ekki upp punktar með ótakmakaðri notkun.
  - Flytji félagsmaður réttindi frá Starfsafli, Landsmennt, Sjómennt, Ríkismennt og Sveitamennt þá skilur hann engin réttindi eftir þar sem ávallt er miðað við 12 mánaða tímabil.
  - Þeir sem flytja réttindi til Starfsafls, Landsmenntar, Sjómenntar, /Ríkismenntar eða Sveitamenntar frá VR/LÍV tapa engum réttindum því þeir geyma ónotaða punkta, ef þeir fara aftur í gamla sjóðinn eru punktarnir þar.

**Endurskoðað í febrúar 2008**